

Kafli 6.1 – Max Weber: síðari hluti. Spurningar úr efni bls. 164–171.

1. Hvaða þróun í mannkynssögunni kom Weber auga á þegar hann skoðaði iðnbyltinguna, kapítalismann og tilkomu nútímans?
2. Hvert var það lykileinkenni í hinu nýja kapítalíska hagkerfi sem Weber kom auga á?
3. Hvaða þrjár forsendur þurftu að vera til staðar svo að hið nýja kapítalíska hagkerfi kæmist á flug?
4. Hvað stóð helst í vegi fyrir því að kapítalismi þróaðist á miðöldum?
5. Hvað var fólgið í hugmynd Lúthers um köllun í lífinu?
6. Hver var hugmynd kalvínstrúarmanna um náðarval?
7. Hver var hugmynd kalvínstrúarmanna um vinnusemi og auðsöfnun?
8. Hvers vegna má segja að Benjamín Franklín hafi verið einn helsti fulltrúi anda kapítalismans í Ameríku á 18. öld?
9. Hverjir eru helstu fulltrúar anda kapítalismans á Íslandi á 19. öld? Hvernig kemur það fram?
10. Weber kallar lögmætt vald yfirráð. Hvað er fólgið í lagalegu valdi?

11. Hver eru einkunnarorð skrifræðis (bureaucracy)?
12. Hvernig er kjörmynd Webers af skrifræði?
13. Hverjir eru helstu ókostir við skrifræði?
14. Hvað er átt við með því þegar sagt er að skrifræði kunni að þróast út í það sem það ætlaði að koma í veg fyrir?
15. Hverjir eru kostirnir við félagsfræði Webers, og hvað hefur hann verið gagnrýndur fyrir?
16. (Hópverkefni) Eru Íslendingar vinnusamir? Meira eða minna en aðrar þjóðir? Hvað er til marks um það? Hvaðan kemur vinnusiðferði Íslendinga?
17. (Hópverkefni) Byggir skólinn ykkar á skrifræðiskerfi? Fellur hann vel að kjörmynd Webers af skrifræði?